

## **Skattfrjáls ráðstöfun viðbótarsparnaðar**

**Ólafur Páll Gunnarsson verkefnastjóri lífeyrissparnaðar hjá Landsbankanum og framkvæmdastjóri Íslenska lífeyrissjóðsins.**

### ***Tillögur stjórnvalda***

Sérfræðihópur stjórnvalda kynnti nýverið tillögur um aðgerðir í skuldamálum heimilanna. Er þar um að ræða tvíþætt úrræði sem annars vegar lýtur að niðurfærslu verðtryggðra húsnæðislána og hins vegar fyrirheit um skattfrjálsa ráðstöfun viðbótarsparnaðar (líka nefnt viðbótarlífeyrissparnaður eða séreignarsparnaður) inn á þessi sömu lán. Viðbótarsparnaðurinn hefur fram til þessa verið afar hagkvæmt sparnaðarform meðal annars vegna framlags vinnuveitanda á móti iðgjaldi launþega og skattfrjálsrar uppsöfnunar sparnaðarins fram að töku lífeyris. Sá möguleiki að greiða megi óskattlagðan viðbótarsparnað inn á húsnæðislán gerir þennan sparnað jafnvel enn fýsilegri en áður.

Í skýrslu áðurnefnds sérfræðihóps kemur fram að mögulegt sé að yfirfæra hugmyndina um ráðstöfun viðbótarsparnaðar yfir á þann hóp sem ekki á sitt eigið húsnæði, t.d. með stofnun húsnæðissparnaðarreikninga. Þannig væri óskattlögðum viðbótarsparnaði safnað með sambærilegum hætti inn á reikning sem síðan yrði nýttur til greiðslu útborgunar í íbúðarhúsnæði. Hér virðast vera uppi ráðagerðir um að nýta þá umgjörð sem búin hefur verið um viðbótarsparnað til að auðvelda sparnað fyrir fyrstu kaup á íbúðarhúsnæði. Slík aðstoð, á tímum þar sem ráðstöfunarfé er af skorum skammti, getur lagt grunninn að nauðsynlegri eignamyndun þeirra sem eru að koma undir sig fótunum í samfélaginu og slíkt skiptir ekki minna máli en lífeyrissparnaður. Oftast er ævisparnaðurinn einmitt bundinn í þessu tvennu, þ.e. lífeyrissparnaði og eigin húsnæði.

### ***Viðbótarsparnaðurinn hefur reynst vel***

Viðbótarsparnaður byggir á iðgjaldi launþega og 2% mótframlagi launagreiðanda sem mynda inneign rétthafa. Iðgjaldið rennur óskattlagt inn á sjóð eða reikning rétthafans. Viðbótarsparnaðurinn er skattlagður eins og tekjur við úttekt en ólíkt hefðbundnum sparnaði er ekki greiddur fjármagnstekjuskattur af viðbótarsparnaði. Samkvæmt lífeyrissjóðalögunum er heimilt að hefja úttekt inneignar við 60 ára aldur. Inneignin er ekki aðfararhæf og erfist að fullu við andlát rétthafa. Heimilt er að segja upp samningi um viðbótarsparnað með tveggja mánaða fyrirvara, uppsögn veitir hins vegar ekki rétt til útborgunar inneignar, en heimilt er að flytja hana á milli vörsluaðila. Uppsögn rýrir í engu uppsafnaðan sparnað þegar um er að ræða hefðbundinn viðbótarsparnað. Annað form viðbótarsparnaðar eru erlendar lífeyristryggingar en um þær gilda að ýmsu leyti aðrar reglur, m.a. eru takmarkaðir möguleikar á flutningi inneignar milli vörsluaðila.

Frá því að viðbótarsparnaðurinn var tekinn upp fyrir um 15 árum hefur hann reynst launþegum afar dýrmætur. Um síðustu áramót voru samanlagðar eignir almennings í viðbótarsparnaði um 380 milljarðar króna. Eftir efnahagshrunið 2008 var opnað fyrir takmarkaðar og tímabundnar útgreiðslur. Fjölmargir hafa nýtt heimildina og nemur samanlögð fjárhæð útgreiðslunnar yfir 80 milljörðum króna.

### ***Mikilvægt að kynna sér kosti viðbótarsparnaðar***

Tillögur stjórnvalda um tímabundna skattfrjálsa ráðstöfun viðbótarsparnaðar til niðurgreiðslu íbúðarlána fela í sér mikilvægt tækifæri fyrir þá sem geta nýtt sér kosti hans. Mótframlag launagreiðanda og skattleysi greiðslna inn á húsnæðislán gera viðbótarsparnaðinn að hagstæðum

kosti fyrir þá sem vilja hámarka tekjur sínar og byggja upp eigið fé á sama tíma. Aðstæður manna eru hins vegar ólíkar og í einhverjum tilvikum mun umrætt úrræði ekki gagnast. Því er mikilvægt að hver og einn kynni sér reglur viðbótarsparnaðar og úrræði skuldaleiðréttingar þegar þau hafa verið útfærð. Hvað sem tillögum stjórnvalda líður þá verður viðbótarsparnaðurinn áfram mjög hagstætt sparnaðarform sem ætti að nýtast öllum launþegum.